| 2 <sup>o</sup> - Þess kinnis sjóðs per. -                | 71-2-4.             | 219 1-6.               |
| 2. Eptisbótvar. á nýrningjum 1871 -                      |                     | 2                      |
| 3. Áhvalurja frá 11-14-72 á 8 <sup>o</sup> g. per mán. - |                     | 37-3-                  |
| (áborgar frá 14-72).                                     |                     |                        |
| 4. Þess borgarar Skólaperingjar:                         |                     |                        |
| 1 <sup>o</sup> fyrir jan. kvartal -                      | 123-2-10,           |                        |
| 2 <sup>o</sup> - " apr. -                                | 63-1-11.            | 186 4. 5.              |
| 5. Ás hája sjóði:  |                     |                        |
| 1 <sup>o</sup> fyrir jan. kvartal -                      | 165- <sup>u</sup> , |                        |
| 2 <sup>o</sup> - " apr. -                                | 145- <sup>u</sup> , | 310- <sup>u</sup> -    |
| (áskiptir 20 <sup>o</sup> g.)                            |                     |                        |
|  |                     | 753 <sup>u</sup> 2/13/ |

# Gjöld

Rek. # 5

|                                    |                     |                      |
|------------------------------------|---------------------|----------------------|
| 1. Láan Kennarunn frá 11-31/7-72 - |                     | 291 4-               |
| 2. Fyrir aukakennuðu:              |                     |                      |
| a. borgar. jan. -                  | 49 <sup>u</sup> 7/1 |                      |
| b. - " febr. -                     | 52-1-10.            |                      |
| c. - " mars -                      | 45- <sup>u</sup> 8. |                      |
| d. - " apríl -                     | 43-3-12             |                      |
| e. - " - maí -                     | 30- <sup>u</sup> -  | 220- <sup>u</sup> 4. |
| 3. Brúnaðitorgjald frá 1872 -      |                     | 42- <sup>u</sup> 4.  |
| 4. Viðhald á húsum Skólunnar -     |                     | 12-4-8.              |
| 5. Þess gjald 1872 -               |                     | 12 4 8.              |
| 6. Öviss gjald -                   |                     | 10- <sup>u</sup> -   |
| 7. Eptisbótvar á peningum -        |                     | 164. 1-5.            |
|                                    |                     | 733. 2. 13.          |

Reykjavík, 16. ágúst 1872.

Barnaskólaeitteningur  
frá 1. Jan. til 31. Júlí 1872. -

Ru. Bsp. xv. 13. 1.



leg.

# Börnaskolen i Reykjavík

## W. Fischers Aedel

1872

Debit

Koll. p 5

1872

Credit

Koll. p 5

Sept 30 I Gy

Talet : 2

Talet p 9

2 . .

Reykjavík d 31 Dec 1872

Steffensen

Þessi reikningur er réttur

W. Fischers

8272 F II 4/2



Þmúskolen í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Storred gef y herra héraðsloknis  
Jonasi Jonásten fullmann til þess  
fyrir minna hönd að þessu laun  
min, þjá gjaldkera barnaskólans  
herra Jonasi Guðmundssyni, fyrir  
Aðisránaud náttuomandi  
Reykjavík 6. Jul. 1872  
H. Helguson.

Skuldir fyrir aðisránaud 41 R 4 y af launföng  
A. Þorsteinsson.

Reykjavík 7/8-72

H. Helguson

Laun min fyrir september 1872 með borgum  
með 41 R 4 y Reykjavík 9. Sept. 1872

Laun min fyrir Oktobr 1872 með borgum  
með 41 R 4 y Reykjavík 5 Okt. 1872

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



|          |           |     |  |          |
|----------|-----------|-----|--|----------|
| 7-4-81   |           | 132 |  | 223-1-12 |
| 6-4-7    |           | 110 |  | 219-1-6  |
| 8-3-4    |           |     |  | 4-4-6    |
| 7-4-4    |           |     |  |          |
| 7-2-4    | 1354-57-4 |     |  |          |
| 8-4-8    |           |     |  |          |
| 13-2-4   | 1065-2-5- |     |  |          |
| 8-5-12   |           |     |  |          |
| 8-4-8    |           |     |  |          |
| 12-5-12  | 289-2-11- |     |  |          |
| 12-5-12  |           |     |  |          |
| 10-2-8   |           |     |  |          |
| 14-3-12  |           |     |  |          |
| 10-1-4   |           |     |  |          |
| 17-4-4   |           |     |  |          |
| 13-3-8   |           |     |  |          |
| 9-4-12   |           |     |  |          |
| 15-4-4   |           |     |  |          |
| 14-4-4   |           |     |  |          |
| 10-1-4   |           |     |  |          |
| 220 " 45 |           |     |  |          |

|           |     |   |                |
|-----------|-----|---|----------------|
| 557-4-1   | 155 | 9 | <del>17</del>  |
| 268-1-5   |     |   | <del>188</del> |
| 289-2-11- |     |   |                |

4<sup>o</sup> 24 41

Hjónmættum sínum þessum, þessum gjaldkeri,  
 deðlum yfir tekjur og útgjöld barna-  
 skólans í Reykjavík fyrir árið 1872,  
 til afuata og þakannleysis atluget.  
 Skrifstofu bæjarfóðs í Reykjavík, 11. Jan. 1872.  
 Alþingismannur

Tit  
 Barnaskólalagjalddkerans í Reykjavík.  
 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 - 10 - 5 - 1/8 825

$\frac{5}{80}$  1/16 842

2-4

1-2

$\frac{84}{6}$   
 $\frac{504}{100} \overline{) 84}$

4-57 - 1/25 250

2/25

$\frac{21}{4} \overline{) 25}$

25

$\frac{25}{25} \overline{) 24}$   
4-57 1/25 250

# Listi

Uppfi þessi listi, sem nafnið hefur komið til Þróttanannastjóla frá 1. Jan. til 31. Okt. 1877.

|                         | Jan. qu. | Apr. qu. | Octob. qu. | Öll meðgiff. | St. Hugasonar |    |
|-------------------------|----------|----------|------------|--------------|---------------|----|
| Nafn Barnanna           | 1        | 2        | 3          | 4            | 5             | 6  |
| 1 Söggeir Sæfason       | 2        | 2        | 7          | 1            | 1             | 2  |
| 2 Söfja                 |          |          |            | 4            |               | 7  |
| 3 Jónína Júlíana        | 2        | 2        | 7          | 1            | 2             | 2  |
| 4 Söfja                 |          |          |            | 7            |               | 0  |
| 5 Magnús Einarsson      | 2        | 2        | 7          | 1            | 1             | 2  |
| 6 Jónína Ingimírsdóttir |          |          |            | 2            | 2             | 7  |
| 7 Jón Einarsson         | 2        | 2        | 7          | 2            |               |    |
| 8 Jón Einarsson         |          |          |            |              |               | 4  |
| 9 Magnús Gudbrandsson   |          |          |            |              |               |    |
| 10 Lydia Einarsson      |          |          |            |              |               |    |
| 11 Gudrun Einarsson     | 4        |          |            | 2            |               | 4  |
| 12 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               | 10 |
| 13 Sigríður Einarsson   | 2        | 2        | 7          |              |               | 2  |
| 14 Kristína Einarsson   |          |          |            |              |               | 2  |
| 15 Sigríður Einarsson   | 2        | 2        | 7          | 1            | 1             | 2  |
| 16 Sigríður Einarsson   |          |          |            | 2            | 2             | 7  |
| 17 Sigríður Einarsson   | 2        | 2        | 7          | 1            | 1             | 2  |
| 18 Sigríður Einarsson   |          |          |            | 7            |               | 0  |
| 19 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               |    |
| 20 Sigríður Einarsson   | 4        | 4        | 13         | 2            | 2             | 6  |
| 21 Sigríður Einarsson   |          |          |            | 4            | 4             | 13 |
| 22 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               |    |
| 23 Sigríður Einarsson   | 4        | 4        | 13         | 2            | 2             | 6  |
| 24 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               | 7  |
| 25 Sigríður Einarsson   | 2        | 2        | 7          | 1            | 1             | 2  |
| 26 Sigríður Einarsson   |          |          |            | 2            | 2             | 7  |
| 27 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               |    |
| 28 Sigríður Einarsson   | 4        | 4        | 13         | 2            | 2             | 6  |
| 29 Sigríður Einarsson   |          |          |            | 4            | 4             | 13 |
| 30 Sigríður Einarsson   | 4        | 4        | 13         | 2            | 2             | 6  |
| 31 Sigríður Einarsson   |          |          |            |              |               | 11 |

Nr 1-2 Systemi  
 Nr 3 kom i Octob.  
 Nr 3 og 4 Systemi  
 annar féllegir:  
 Nr 6 sigri Nr 3 og 4  
 Nr 7 og 8 sigri  
 Nr 10 og 11 Systemi  
 Nr 12 sigri Nr 1 og 2  
 Nr 13 kom i Octob.  
 Nr 15-18 Systemi  
 Nr 19 kom i Octob.  
 Nr 20-22 Systemi  
 Nr 23 kom i Octob.  
 Nr 24-26 Systemi  
 Nr 27-31 Systemi

|               | Jan. qu. | April qu. | Octob. qu. | Ormagjiff | Alugjassandi |   |
|---------------|----------|-----------|------------|-----------|--------------|---|
| 32. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 33. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 34. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 35. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 36. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 37. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 38. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 39. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 40. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 41. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 42. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 43. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 44. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 45. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 46. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 47. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 48. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 49. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 50. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 51. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 52. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 53. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 54. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 55. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 56. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 57. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 58. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 59. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |
| 60. Sigrunnur | 2        | 2         | 2          | 2         | 2            | 2 |

Nefn þannanna Jan. gu. April gu. Oktob. gu. Öllu mágjöf. Þrjúgasemdir  
 20 f 10 20 f 10 20 f 10 20 f 10

|                            |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   |                        |    |                      |
|----------------------------|---|---|----|---|---|---|---|---|---|---|------------------------|----|----------------------|
| 61 Selvaig Olafsd.         |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | Sveitub. gættur í Okt. |    |                      |
| 62 Lúisa Hall              |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | fr. gættur í Okt.      |    |                      |
| 63 Kanda Ólafson           |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | fr. heim.              |    |                      |
| 64 Margjet Magnúsd.        |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | fr. gættur í Okt.      |    |                      |
| 65 Sveinbj. Sveinbjörnsson |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | fr.                    |    |                      |
| 66 Hjálmar Neelsson        |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | fr. gættur í Okt.      |    |                      |
| 67 Lámmur Ólafson          |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   | Frakkalið. með þýðing. |    |                      |
| 68 Kunda Ólafson           | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk. b.              |    |                      |
| 69 Gunnar Ólafsson         | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk.                 |    |                      |
| 70 Kristbjörg Ólafsdóttir  | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   | 3 | 3                      | 9  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 71 Ólafur Ólafsson         | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk. b.              |    |                      |
| 72 Þorvaldur Jónsd.        | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk. b.              |    |                      |
| 73 Valgerður Ólafsdóttir   | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk. b.              |    |                      |
| 74 Guðrún Ólafsdóttir      |   |   |    |   |   |   | 2 | 2 | 7 | 2 | 2                      | 7  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 75 Sigrún Ólafsdóttir      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   | 3 | 3                      | 9  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 76 Guðrún Ólafsdóttir      |   |   |    |   |   |   | 2 | 2 | 7 | 2 | 2                      | 7  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 77 Valgerður Ólafsdóttir   | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 | Frakk. í Okt. Frakk.   |    |                      |
| 78 Guðrún Ólafsdóttir      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   | 3 | 3                      | 9  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 79 Víkta Ólafsdóttir       | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 |                        |    |                      |
| 80 Þorvaldur Ólafsson      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 4 | 4                      | 14 | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 81 Anna Ólafsdóttir        | 2 | 2 | 7  |   |   |   |   |   |   | 2 | 2                      | 7  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 82 Inga Ólafsdóttir        | 2 | 2 | 7  |   |   |   | 2 | 2 | 7 | 4 | 4                      | 14 | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 83 Guðrún Ólafsdóttir      |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   |                        |    |                      |
| 84 Guðrún Ólafsdóttir      |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   |                        |    |                      |
| 85 Inga Ólafsdóttir        |   |   |    |   |   |   |   |   |   |   |                        |    |                      |
| 86 Halda Ólafsdóttir       | 4 | 4 | 13 |   |   |   | 3 | 2 |   | 8 |                        |    | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 87 Þorvaldur Ólafsson      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 5 | 5                      | 15 | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 88 Guðrún Ólafsdóttir      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 |                        |    |                      |
| 89 Þorvaldur Ólafsson      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   | 3 | 3                      | 9  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 90 Ólafur Ólafsson         | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   | 3 | 3                      | 9  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 91 H. P. Jónsson           | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 | 0 |                        |    |                      |
| 92 Guðrún Ólafsdóttir      | 2 | 2 | 7  |   |   |   |   |   |   | 2 | 2                      | 7  | Frakk. í Okt. Frakk. |
| 93 Guðrún Ólafsdóttir      | 2 | 2 | 7  | 1 | 1 | 2 |   |   |   |   |                        |    |                      |



| Nafn Samanrað               | Gætt: |          |           |           | Lögumenn                            |
|-----------------------------|-------|----------|-----------|-----------|-------------------------------------|
|                             | gu.   | Apr. gu. | Ísly. gu. | Ísly. gu. |                                     |
| 97 Eir Sveinbjörnsdóttir    | u     | u        | u         | u         | Mr. 94 og 95 herra herra í Aðalsk.  |
| 98 Ási Þinnsdóttir          | #     |          | 4         | 4         | Mr. 96 og 97 herra herra í Aðalsk.  |
| 99 Guðrún Þinnsdóttir eldi  | u     | u        | u         | u         | Mr. 96 og 97 herra herra í Aðalsk.  |
| 99 Guðrún Þinnsdóttir yngri |       |          | 2         | 2         | Mr. 96 og 97 herra herra í Aðalsk.  |
| 98 Mathías Mathíasdóttir    |       |          | 2         | 2         | Mr. 96 og 97 herra herra í Aðalsk.  |
| 99 Amundína Þorvaldsson     |       |          | 4         | 4         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 100 Guðrún Þorvaldsson      |       |          | u         | u         | Aðalsk.                             |
| 101 Guðrún Þorvaldsson      | u     | u        | u         | u         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 102 Saballa Þor             | u     | u        | u         | u         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 103 Sisti Annarsen          |       |          | 2         | 2         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 104 Juliana Þorvald.        |       |          | 1         | 1         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 105 Ingilyörð Helgadóttir   |       |          | 3         | 3         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |
| 106 Sigrún Þorvald          |       |          | 1         | 1         | Mr. 99 og 100 herra herra í Aðalsk. |

hvir sum. 30 4 2

Spjál 1.



# REGLUR

FYRIR

## BARNASKÓLANN Í REYKJAVÍK.

SAMDAR OG LAGAÐAR SAMKVÆMT REGLUGJÖRÐ BARNA-  
SKÓLANS 27. OKT. 1862 OG STAÐFESTAR MED BRËFI  
KIRKJU- OG KENNSLUSTJÓRNARINNAR 19. FEBR.

1866.

---

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMÍÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.

1867.

# REGLUR

1911

## BARNASKÓLANN Í REYKJAVÍK

SKÓLHAUSGATA 10, 101 REYKJAVÍK

GRUNNSKÓLADEIÐ 10, 101 REYKJAVÍK

REGLUR OG KENNISLUNNAFRAEÐINGAR

1911

REYKJAVÍK

SKÓLHAUSGATA 10, 101 REYKJAVÍK

1911

# REGLUR

fyrir barnaskólann í Reykjavík.

## 1. KAPÍTULI.

Um tilhögun kennslunnar og lærdómspróf.

### 1. grein.

Ætlunarverk skólans er, að mennta börn þau, er ganga í skólann, í guðsóttu og góðum siðum og innræta þeim þá þekkingu og kunnáttu, að þau geti orðið gagnlegir borgarar.

### 2. grein.

Börnunum skal eptir aldri og þekkingu skipta í bekki; tala bekkjanna fer eptir því, hvað mörg börn þau eru sem í skólann ganga, og svo eptir þekkingu þeirra; eptir þekkingu barnanna og framförum skal flytja þau úr einum bekk í annan; sé 3 bekkir í skólanum, skal ekkert barn vera lengur í hverjum bekk af hinum neðri en 2 ár; verði bekkirnir færri, svo sem 2, skal ekkert barn vera í neðri bekknum lengur en 2 ár.

### 3. grein.

Skildaginn fyrir því, að nokkurt barn geti komizt inn í 1. bekk, er:

1. Að það sé 7 ára gamalt og hafi engan næman veikleika.
2. Að það kveði nokkurn veginn vel að, þó ekki sé það læst.
3. Að það sé ekki illa ræmt fyrir óknytti og vonða siði.

Óski foreldrar eða vandamenn einhvers barns, er það kemur fyrst í skólann, að það setist í einhvern af hinum efri bekkjum, skulu kennarar skólans prófa þekkingu barnsins, og setja síðan barnið í þann bekk, er því bezt hentar, samkvæmt þekkingu þess.

Yfirumsjónarmenn skólans skulu einnig geta veitt leyfi til

þess, að börn, þótt yngri sé en tiltekið er hér að framan, en þó eigi yngri en 6 ára, megi taka í skólann, ef þau eru nokkurn veginn læs og virðast vera með þeirri greind og sálarþroska, að þau standi jafnfætis 7 ára börnum, sem í meðallagi eru.

Skólanefndin ákveður það, eptir uppástungu dómkirkjuprestsins, hver börn, samkvæmt 30. grein reglugjörðarinnar, geti fengið veitta frikennslu í skólanum.

Beri svo til, eptir byrjun skólaársins, að ekki geti öll þau börn fengið inntöku í skólann, sem hennar beiðast, ganga innanbæarbörn fyrir utanbæarbörnum, og þau börn, sem gefið er með, fyrir hinum meðgjafarlausu.

Þegar meðgjafar barn er tekið inn í skólann eptir byrjun skólaársins, þá skal jafnan reikna meðgjöfina frá byrjun þess mánaðar, er þá stendur yfir, og greiðist hún fyrirfram til enda þess hálfmissiris, sem þá er að liða, er barninu er veitt inntaka í skólann

#### 4. grein.

Samkvæmt 10. grein reglugjörðarinnar, er kennslutíminn, að réttu lagi, 5 stundir á dag. En auk undanþágu þeirrar, er 10. greinin sjálf heimilar, má samt skólanefndin með samþykki skólastjórnarinnar ákveða kennslustundirnar þannig, að þær í *nedsta bekk* sé einungis 4 á dag. Kennslan byrjar á degi hverjum með hænagjörð og söng.

#### 5. grein.

Öll kennsla í skólanum fer fram og er við höfð á íslensku máli; þó má leita leyfis skólanefndarinnar til þess að einstök börn fái tilsögn á dönsku, ef þess þykir sérlega brýn þörf.

#### 6. grein.

Í skólanum skal kenna þessar lærdómsgreindir, og haga kennslunni í þeim, sem hér segir:

1. Trúarbrögðin skal kenna í öllum bekkjum, og skal kennslunni haga eptir þroska og skilningi barnanna. Skulu kennendur jafnan hafa fyrir augum að útlista þannig lærdóma trúarbragða vorra, að börnin ekki einungis skilji þau, heldur verði gagntekin af sannleika þeirra, svo það geti fært ávöxt í lífern barnanna. Í 1. bekk skal byrjað á auðveldum bíflúsögum, og kennslunni í þeim lokið, áður en barnið er tekið upp í efsta bekk. Við fræðslu-

una í trúarbrögðunum sjálfum skal nota hina almennu kennslubók. Jafnframt skulu börnin opt (að minnsta kosti einu sinni í viku í hinum efri bekkjum) látin lesa í bíflíunni sjálfri.

Kennarar skólans skulu og að minnsta kosti einu sinni í mánuði fara með börnin í kirkju, þegar messað er. Tímakennararnir hafa ekki kaup sér í lagi fyrir þessa fylgd við börnin.

2. Íslenskan bóklestur. Í þessari grein skal kostað kapps um, að börnin læri að lesa rétt, lipurt og áheyrilega. Til þess að náð verði þessum tilgangi, má ekki láta þau börn, sem í skólann ganga, hætta að kveða að, fyrr en þau nær því af sjálfsdáðum lesa rétt. En er börnin eru farin að lesa nokkurn veginn, skal sem fyrst kenna þeim að lesa greinilega og áheyrilega eptir aðgreiningarmerkjum og innihaldi. Við bóklestur skal einkum við hafa þær bækur, sem eru lagaðar til að efla og glæða hjá börnunum síðsaman og kristilegan hugsunarhátt, eða, sem miða til að fræða þau í sögu og landafræði Íslands og Danmerkur, um hinar auðveldari greinir náttúrufræðinnar, og um þau önnur efni, er þeim síðar mætti verða að notum, þá er þau mannast.

Íslenska málfræði skal kenna þannig, að börnunum lærist hinar einföldustu grundvallarreglur hennar, svo þau bæði geti talað rétt og greinilega, og það orðið þeim til studnings við nám þeirra á réttritun.

3. Skript. Hana skal kenna í öllum bekkjum. Tilgangur kennslunnar skal vera, að börnin læri að skrifa vel og rétt. Skal kennslunni því haga þannig, að börnin læri fyrst að mynda hugar auðveldustu stafamyndir og síðan hinar torveldari á reikningsspjöld sín, og skulu þau eigi fá að skrifa með penna og bleki, fyrr en góð löggun er komin á stafina. Venjast eiga börnin við að halda skrifbók sinni þökkalegri. Þeim börnum, sem svo eru langt komin í skript, að þau bæði skrifa laglega og sémilega fljótt, skal jafnframt skriptinni kenna íslenska réttritun, og skal kennslan í henni byrja í 2. bekk og haldast þar til barnið fer úr skólanum.

Í efsta bekk mætti og kenna þeim börnum teikningu að nokkru leyti í stað skriptar, sem bezt væri að sér í skript og kynni að óska þess.

4. Reikning bæði í hugarum og á töflu skal kenna í öllum bekkjum og skal kennslan í þessari grein yfirgrípa allt það í praktískum reikningi, sem hvert barn er fært um að nema. En fyrst skal kennslan byrja með því að vekja hugmynd barnanna um þýð-

ingu talnanna og sambandið milli þeirra, jafnframt og þeim er kennt að lesa og skrifa tölur, svo að reikningurinn komist sem greiðast inn í skilning barnanna.

5. Söng skal kenna, þegar skólinn verður þess umkominn, í öllum bekkjum öllum þeim börnum, sem geta tekið á móti þeirri tilsögn.

6. Sögu Íslands skal enn fremur kenna í efsta bekk, þegar því verður við komið, svo að börnin fái skilning á því, hvernig sá tími sem þau nú lifa á, sè spröttinn af og hafi rót sína í þeim tíma, sem liðinn er. Ber þannig að fræða börnin um hina merkustu atburði í sögu lands vors og sögu norðurlanda, svo þau fái glögga hugmynd um lífsferil þjóðar vorrar. Jafnframt þessari kennslu, en einkum meðan skortur er á hæfilegri kennslubók, skal kenna ágrip af hinum merkustu viðburðum mannkynssögunnar.

7. Landafræði skal kenna í öllum bekkjum nema 1. bekk, og skal kennslan miða til að gefa börnunum hugmynd um samband jarðarinnar við hina aðra himinhnetti, um mynd jarðarinnar, um afstöðu landanna og hafanna á jörðunni sín á milli og hvernig náttúran hefir búið jörðina úr garði, um landa og þjóða skipun á jörðunni.

8. Dönskú skal kenna í öllum bekkjum nema 1. bekk, og skal kennslu í þeirri grein hagað svo, að börnin ekki að eins geti lesið sér til gagns danskar bækur, heldur einnig komið fyrir sig orði við danska menn. Gæta skal þess, að þegar þau leggja út dönsku, temji þau sér gott íslenzkt orðaval. Svo ber og stöku sinnum að æfa þau í danskri rættitun.

9. Fimleika skal, ef kendir eru, kenna í öllum bekkjum og skal miða til þess að gjöra líkama barnanna sterkari og liðlegri.

#### 7. grein.

Hvern þann dag, sem einhvert barn er reynt í einhverri þessari námsgrein eða látið hafa hana um hönd, skal kennari sá, sem barnið reynir, gefa því ákveðna einkunn þar upp á, eptir 15. gr. 3. atr., og rita hana bæði í dagbók þá eður framfarahók, er kennarinn skal halda þar yfir, og þar eptir í vitnisburðarbók barnsins, að minnsta kosti á hverjum laugardegi eður næsta dag á undan þeim ákveðnu leyfum (12. gr.). Eptir þessum daglegu einkunnum, samt síðferðis einkunn fyrir gjörvallan mánuðinn, skal taka meðal-

tals einkunn fyrir allan mánuðinn, að honum liðnum, og skipa börnunum niður eptir henni að upphafi næsta mánaðar.

Foreldrar eða forráðamaður hvers barns skal undirskrifa vitnisburðarbók þess um hverja helgi.

#### 8. grein.

Öllu því, er lýtur að skóla-aga, skal hagað eptir fyrirmælum reglugjörðarinnar 27. október 1862 9. gr., og kennara instruxinu frá sama degi 21. gr.

#### 9. grein.

Dómkirkjupresturinn og yfirkennari skólans skulu við byrjun hvers skólaárs og við miðju þess ráðgast um það, hvernig haga skuli kennslunni og hversu mikið skuli yfirfara það næsta hálfá ár, og skal uppástungum þeirra, þegar þær hafa verið lagðar fyrir skólaneftndina og þær eru samþykktar af yfirstjórn skólans, fylgt hið næst eptirfylgjandi hálfá skólaár. Svo skal og viðhafa þær kennslubækur, sem dómkirkjupresturinn og yfirkennarinn eptir tíma og kringumstæðum stinga upp á og yfirstjórn skólans hefir samþykkt.

#### 10. grein.

Dómkirkjupresturinn og yfirkennari skólans skulu eptir tilhögun þeirri, sem talað er um í 9. grein, semja lestrartöflu fyrir hvert hálfár, og skal henni fylgt hið næsta hálfár, eptir að fengizt hefir samþykki skólastjórnarinnar. Í lestrartöflu þessari skal ákveða, hversu marga tíma ætla skuli hverri kennslugrein, og hversu þeim skuli fyrirkoma á hverjum degi vikunnar.

Skólaneftndin skal á ári hverju senda yfirstjórn skólans skýrslu um tilhögun kennslunnar og hina árlegu lestrartöflu.

#### 11. grein.

Kennsluár skólans byrjar 1. dag Októberm. og endar 30. dag Septembermánaðar.

#### 12. grein.

Á skólaárinu skal þá að eins vera hlé, þegar lögboðin leyfi eru, og eru þau þessi:

1. Jólaleyfi, sem byrjar að afloknu aðalprófinu í Desembermán. og nær til 2. dags Janúarmán., að þessum degi meðtöldum.

Byrjar kennslan þá aptur 3. Janúar, en beri hann upp á laugar-  
dag eða sunnudag, skal kennslan ei byrja fyrri en næsta mánu-  
dag á eptir.

2. Páskaleyfi, sem byrjar miðvikudaginn fyrir skírdag og end-  
ar 3. í páskum, að báðum þessum dögum meðtöldum.

3. Hvítasunnuleyfi, sem byrjar laugardaginn fyrir hvítasunnu  
og nær til næsta þriðjudags á eptir, að báðum þessum dögum  
meðtöldum.

4. Sumarleyfi eða aðalleyfi, sem nær frá 14. degi Maímán.  
til 1. dags Októbermán. Í þessu leyfi skal samt foreldrum og  
öðrum vandamönnum heimilt að hafa börn sín í skólanum frá 1.  
Ágúst til 30. Sept., þó að eins

a, Þau börn, er voru í skólanum hinn næsta vetur á undan.  
b, að eigi sé færri börn, en 15 samtals, er þannig vilja sækja  
skólann þennan tíma.

c, að foreldrar og aðrir hlutaðeigendur fari þess áleit við skóla-  
nefndina við lok Maímánaðar næst á undan.

Ætli börnin, er þannig fá skólakennslu í Ágúst og Sept.mán-  
uðum, að fá framhalds inntöku í skólann skólaárið það, sem í  
hönd fer, þá þarf enga skólapeninga fyrir þau að greiða um tæð-  
an 2 mánaðatíma, en sé skólagöngu tími þeirra alveg á enda með  
lokum Septemberm. annaðhvort af því þau verða fermd um það  
leyti eður af öðrum ástæðum, þá skal greiða með þeim fulla skóla-  
meðgjöf að réttri tiltölu, samkvæmt skólareglugjörðinni.

5. Þessi smáleyfi: fæðingardag konungs, sumardag fyrsta og  
mánudaginn í föstuinngangi og tvo daga á undan hverju af þeim  
tveimur opinberu prófum. Auk þessa getur dómkirkjupresturinn  
einstöku sinnum gefið leyfi heilan eða hálfan dag og eins yfir-  
kennarinn frá einstöku tímum.

#### 13. grein.

Við hin opinberu próf, sem eru 2, og fram skulu fara í De-  
sember og Maímánuðum, skal þess gæta er hér segir:

1. Reyna skal hvert barn í þeirri lærdómsgrein eða list, sem  
því hefir verið kennd. Við hvert einstakt próf skulu auk kennar-  
ans vera viðstaddir 2 prófdómendur, og skal að minnsta kosti  
annar þeirra vera einhver af þeim er í skólanefndinni sitja, en  
hinn skal annaðhvort vera einhver af kennurunum við hinn lærða

skóla, eður annar bæarmaður. Yfirumsjónarmenn skólans mega  
og taka þátt í prófdóminum, ef þeir eru viðstaddir og óska þess.

2. Enginn má taka þátt í prófdóminum í nokkurri lærdóms-  
grein, nema hann hafi verið viðstaddur allt prófið í þeirri grein  
og bekk frá upphafi til enda.

3. Að loknu prófinu kveða viðkomandi heyrari og prófdóm-  
endur upp dóm sinn um þekkingu barnsins með einhverjum af  
þeim 7 einkunnum, sem teknar eru fram í 15. grein hér á eptir,  
og skal af þessum sérstöku einkunnum taka meðaltalið, sem þá  
verður einkunn sú, sem barnið fær í þeirri lærdómsgrein.

4. Eptir því, hvernig hverju barni gengur í aðalprófinu, á-  
kveður formaður skólanefndarinnar með ráði kennaranna, hver  
börn skuli flytja upp í efra bekk.

#### 14. grein.

Prófið skal að eins vera munnlegt í öllum lærdómsgreinum,  
nema þar sem það eptir eðli hlutarins hlýtur að vera skriflegt,  
svo sem í íslenzkri rættiritun, skript og reikningi á töflu. Í danskri  
rættiritun skal eigi reyna börnin við hin opinberu próf.

Í þeim bekkjum, er öll börnin læra bæði kverið og bifliúsög-  
urnar, skal að eins gefa eina aðaleinkunn fyrir hvorttveggja; en  
þar sem það eigi á sér stað, skal gefa 2 einkunnir, sína fyrir  
hvort, kverið og bifliúsögurnar. Eins skal í þeim bekkjum, þar  
sem kennd er skript og rættiritun jafnhliða, að eins gefa eina að-  
aleinkunn fyrir hvorttveggja þannig, að meðaltal einkunnanna fyrir  
hvort um sig verður einkunn sú, er barnið fær í hvorutveggju.

#### 15. grein.

Við prófin skal gefa börnunum einkunnir fyrir það, hvernig  
þau reynast í hverri lærdómsgrein eða list fyrir sig, en úr þess-  
um einstöku einkunnum skal aptur draga meðaltalið, er þá verður  
aðaleinkunn hvers barns, og er, hvað þetta snertir, þeirra reglna  
að gæta, er nú skal greina:

1. Hinar einstöku einkunnir eru 7: ágætlega, dável, vel,  
sæmilega, laklega, illa, afarilla.

2. Hinir 3 prófdómendur gefa hver um sig einhverja af þess-  
um 7 einkunnum og verður meðaltal einkunnanna sú einkunn,  
sem barnið fær. En þegar gefa skal börnunum að eins eina  
einkunn fyrir kverið og bifliúsögur, eða þá skript og rættiritun, þá

skal þannig að fara, að hinir 3 prófdómendur gefa fyrst sína einkunn fyrir hvort um sig á þann hátt, sem getið er um í fyrra kafla þessarar greinar, og meðaltal þeirra tveggja einkunna, sem þá koma fram, er einkunn sú, sem barnið fær í trúarbrögðunum, þ. e. kverinu og bifliúsögum, eða þá í skript og rættitun samanlögðum.

3. Hinar einstöku einkunnir hafa þetta tölugildi að

|                    |                    |
|--------------------|--------------------|
| ágætlega           | verður jafnt 6     |
| ágætlega — dável   | — — $5\frac{2}{3}$ |
| dável — ágætlega   | — — $5\frac{1}{3}$ |
| dável              | — — 5              |
| dável — vel        | — — $4\frac{2}{3}$ |
| vel — dável        | — — $4\frac{1}{3}$ |
| vel                | — — 4              |
| vel — sæmilega     | — — $3\frac{2}{3}$ |
| sæmlega — vel      | — — $3\frac{1}{3}$ |
| sæmilega           | — — 3              |
| sæmilega — laklega | — — $2\frac{2}{3}$ |
| laklega — sæmilega | — — $2\frac{1}{3}$ |
| laklega            | — — 2              |
| laklega — illa     | — — $1\frac{2}{3}$ |
| illa — laklega     | — — $1\frac{1}{3}$ |
| illa               | — — 1              |
| illa — afarilla    | — — $\frac{2}{3}$  |
| afarilla — illa    | — — $\frac{1}{3}$  |
| afarilla           | — — 0.             |

4. Aðaleinkunnina skal nefna með þeirrar einkunnarnafni, sem meðaltal allra einkunnanna er næst, t. d. sè meðaltalið 5, heitir einkunnin dável, sè hún ekki meir en 4,83, heitir hún dável — vel; sè hún á hinn bóginn meiri en 5,17 heitir hún dável — ágætlega.

16. grein.

Við prófin skal hafa prófbók, staðfesta af yfirumsjónarmönnum skólans. Á hverju ári sendir skólanefndin yfirumsjónarmönnum skólans skýrslu um það, hvernig prófin hafi gengið; skal sú skýrsla vera samhljóða prófbókinni.

## 2. KAPÍTULI.

### Um fjárhagsstjórn barnaskólans.

17. grein.

Skólanefndin hefir á hendi alla umsjón og stjórn á fjárhag skólans, og skal einn af meðlimum hennar vera gjaldkeri. Þó skal yfirstjórnendum skólans, ef sérlegar ástæður mæla með því, vera heimilt að leyfa, að bæjarstjórnin, eptir uppástungu eða meðmælum skólanefndarinnar, kveðji til skólagjaldkera einhvern þann úr flokki borgara og húseigenda, sem ekki er í nefndinni.

Skólanefndin ávísar öllum þeim útgjöldum, sem ekki eru tilgreind og fastákveðin á áætlun skólans. Engin ávísun er gild, nema hana hafi undirskrifað: bæjarfógeti og 2 aðrir nefndarmenn.

18. grein.

Gjaldkeri skólans skal semja reikning að lokum hvers skólaárs, og senda skólanefndinni ekki síðar en 15. Októberm.; ritar formaður nefndarinnar þá á reikning þennan og sendir bæarfógeta til löglegrar meðferðar og endurskoðunar. Svo skal og gjaldkeri skólans í lok hvers hálfmissiris senda skólanefndinni útdrátt af reikningi skólans. Gjaldkeri skal og sjá um, að allar tekjur skólans renni í sjóð á réttum tíma, samt halda löggilta bók yfir tekjur og útgjöld, og á bók þessi að vera skólanefndinni til eptirlita og afnota, hvenær sem formaðurinn óskar. Í gjörðabók skólanefndarinnar skal í byrjun skólaársins ritað, hver börn sè tekin í skólann og með hverjum kostum, sem og síðar þær breytingar, er á kunna að verða. Skal gefa gjaldkera ávísun um þetta, og ritar hann samkvæmt því og útgefur gjaldseðla og krefur skólapeningana hina síðustu daga hvers hálfmissiris svo tímanlega, að skólapeningarnir geti verið greiddir í byrjun næsta hálfmissiris. Skal yfirkennarinn í þessu falli í tíma gefa honum skýrslu um, ef einhver börn ætla við hálfmissiraskiptin að ganga úr skólanum. Viðurkenningu gjaldkera fyrir greiðslu skólapeninganna skal hvert meðgjafarborn færa með sér í skólann einhvern hinna 3. fyrstu daga hálfmissirisins og sýna yfirkennaranum, eður að öðrum kosti skriflegt leyfi frá formanni skólanefndarinnar, að greiðslunni megi í það skipti fresta ákveðið dagatal, en þessa leyfis ber foreldrum eða forráðamönnum að leita eigi seinna en degi fyrir byrjun þessa hálfmissiris, er peningarnir áttu fyrir að greiðast.



Verði misbrestur á þessu, og yfirkennarinn vísar eigi að heldur barninu burtu úr skólanum á 3. degi með skriflegu skírteini um, hvað burtvísuninni valdi, þá skal hann ábyrgjast skólasjóðnum kennslukaupið fyrir það hið sama hálfmissiri.

Hin sama regla gildir og um hvert það barn, sem tekið er í skólann eptir byrjun skólaársins og milli hinna reglulegu gjald-daga.

Kennslukaup fyrir 1 barn er 6 rd. um árið, en 80 sk. um einstaka mánuði fyrir börn sem eiga heima í Reykjavík; en fyrir utanbæarbörn er galdið tvöfalt. Þegar syzkyni eru í skólanum á sama skólaári borgast fyrir hið *annað*  $\frac{2}{3}$  og hið *þriðja*  $\frac{1}{3}$ , en ekkert fyrir það eða þau, sem þar eru framyfir. Kennslukaupið greiðist fyrirfram, eins og sagt er í 18. grein reglugjörðarinnar.

#### 19. grein.

Að því leyti til lögtaks þarf að koma á tekjum skólans, eptir reglugjörð 27. októbr. 1862, þer skólagjaldkera í tæka tíð að gjöra ráðstöfun í því efni, eptir þeim ákvörðunum og reglum, sem gilda um ólokin bæjargjöld.

### 3. KAPÍTULI.

Um umsjón skólahússins.

#### 20. grein.

Skólahúsið er undir yfrumsjón skólanefndarinnar, en sérstaklegri og daglegri gæzlu yfirkennarans, þegar hann hefir bústað þar í sjálfu húsinu. Hann skal nákvæmlega sjá um, að þau herbergin, sem brúkuð eru til kennslunnar, sé lokuð, og að þar hafi engir umgang um, þegar úti er sjálfur skólatíminn á hverjum degi og uns hann byrjar hinn næsta dag, að öðru en þarf til að þrifa herbergin, lopta þau út og leggja í ofna. Hann skal og gæta þess, að varlega sé farið með elda, og að hafa árvakurt eptirlit með því, að skólahúsið og áhöld þess verði ekki fyrir skemmdum af illri meðferð, nè glattist af vanhirdingu. Fari svo, að skólabörnin skemmi eitthvað í skólanum, þer honum að sjá um, að það verði borgað af umsjónarmönnum hinna seku barna, en þau sæti fyrir það skóla-aga, ef ástæður eru til þess. Verði skemmdir og ekki verður með neinu móti uppgötvað, hver sé valdur að, borgast það af skólasjóðnum.

#### 21. grein.

Yfirkennarinn skal halda bók yfir öll þau áhöld, sem skólinn á eða honum verða tillögð; bók þessari verður tilhagað eptir því sýnishorni, er skólanefndin ákveður, og sýni hann bók þessa skólanefndinni við árslok hver, og ritar hún í hana vottorð sitt. Honum ber einnig að sjá um, að skólahúsinu sé haldið í góðum þrifum bæði úti og inni, og að hið litla leiksvæði, sem börnin hafa úti, sé ætíð þokkalegt og hreint. Snjómokstur við húsið, hreinsun á ofnum í kennsluherbergjunum og á salernum kostar skólasjóðurinn, en yfirkennarinn annast um að það sé gjört.

#### 22. grein.

Þegar yfirkennari skólans hefir bústað í skólahúsinu, þá má hann ekki taka neinn til húsa inn í þau herbergi sín, hvorki einhleypa menn, nè húsfólk, nema með leyfi skólanefndarinnar. Á honum hvílir vanaleg leiguliða ábyrgð á því húsnæði í skólanum, sem hann fær leigulaust til bústaðar. Skal hann sjá um, að húsnæði hans ei verði fyrir frekari skemmdum eða fyrningu, en af sjálfu sér leiðir með sámilegri íbúð; svo kosti hann og endurbót á öllu, sem viðgerðar þarf eða laskast eða lógast fyrir handvömm. Fágun á eldstó og ofnum í hibýlum sínum kostar yfirkennarinn sjálfur.

### 4. KAPÍTULI.

Um ýmisleg réttindi og skyldur kennaranna.

#### 23. grein.

Auk hinna ákveðnu launa 500 rd. á ári, er greiðast yfirkennaranum úr skólasjóðnum með  $\frac{1}{12}$  um byrjun hvers mánaðar, fær hann *annaðhvort* húsnæði leigulaust í skólahúsinu, svo mörg herbergi og annað nauðsynlegt húsrúm, að fyllilega samsvari 60 rd. leigubústað annarstaðar í bænum, eptir því sem algengast er á hverjum tíma, eða 60 rd. húsaleigustyrk greiddan úr skólasjóðnum; enn fremur fær hann til eldiviðar handa sjálfum sér, annaðhvort eingöngu 200 hesta af mó, eða svo mikið bæði af kolum og mó, að það til samans svari 200 hestum af mó, eptir þeirri tiltölu milli þessara eldiviðartegunda, sem tiltekin er í 24. grein. Yfir-kennarinn á aldrei heimtingu á meiri eldivið handa sjálfum sér, heldur en nú var sagt, hversu sem hagar hans breytist.

## 24. grein.

Þegar yfirkennarinn hefir húsnæði í skólahúsinu, tekur hann við því eptir úttekt og mati óvilhallra manna um, að það jafngildi 60 rd. árlegri leigu. Ber honum þá að annast um, að kennslustofunum sé haldið hreinum bæði að þvotti og fágan, sem og að lopti sé þar haldið heilnæmu og herbergin nægilega hituð. Til þess að hita nægilega 3 kennslustofur 5 stundir á dag fær hann 150 hesta af mó og verður þetta framlag aukið eptir rætti tiltölu, ef 4. kennslustofunni þarf að bæta við, en minnkað að sömu tiltölu, ef kennslustundum verður fækkað eptir 4. grein. En að því leyti steinkol eru viðhöfð, skal því minna leggja til af mó þannig, að hvert skippund steinkola sé jafngildi 14 hesta af mó. Yfirkennarinn má engu farga af þessum eldivið til skólaherbergjanna, þótt afgangsverði, nè heldur brúka hann í þarfir sjálfs sín.

Fyrir forgöngu þá og fyrirhöfn, sem á yfirkennaranum hvíla eptir þessari grein, fær hann úr skólasjóði hæfilega borgun, sem einu sinni er fast ákveðin, og gefst honum kostur á, að taka hana út í auknu húsnæði, ef það er til og hann kys það.

## 25. grein.

Þá er undirkennari verður settur við skólann, verða honum ákveðin hífýli í skólanum leigulaus, eða greiddur húsaleigustyrkur eptir reglugjörð 27. Október 1862.

## 26. grein.

Aukakennarar þeir, sem kenna í skólanum einstaka tíma fyrir umsamið verð um tímann, svo og undirkennarinn, þá er hann verður settur, eiga, þá er yfirkennarinn felur þeim það á hendur, að hafa á hendi sömu skyldur og hann með eptirlit á börnunum í kennslustundunum og millitímum, sem og hinum hversdagslegu skólastörfum, og fara í kirkju með börnunum til skiptis við yfirkennarann, og eptir því, sem hann nákvæmar ákveður; skulu þeir gjöra allt þetta án nokkurs sérstaks endurgjalds (sbr. 6. grein). Svo skulu þeir og aðstoða yfirkennarann með alla greiðslu á einunnunum, sem og taka þátt í prófum við skólann, og ber þeim fyrir það hæfileg aukapóknun eptir því, sem skólanefndin ákveður.

## UNDIRSTÖÐU-ÁÆTLUN

yfir

tekjur og útgjöld barnaskólans í Reykjavík.

Tekjur:

|   |                   |       |
|---|-------------------|-------|
| I. Kennslueyrir . . . . .               | 450 rd.           | » sk. |
| II. Sektir . . . . .                    | 2 —               | » —   |
| III. Gjafir . . . . .                   | » —               | » —   |
| IV. Húsnæði kennarans . . . . .         | 60 —              | » —   |
| V. Árlegt tillag úr bæarsjóði . . . . . | 886 —             | 64 —  |
|   | = 1398 rd. 64 sk. |       |

Útgjöld:

|  |                   |       |
|--|-------------------|-------|
| I. Kennslukaup:                                  |                   |       |
| a, laun yfirkennarans . . . . .                  | 500 rd.           | » sk. |
| húsnæði hans . . . . .                           | 60 —              | » —   |
| eldiviður . . . . .                              | 36 —              | 80 —  |
| b, laun undirkennara . . . . .                   | 250 —             | » —   |
| húsnæði hans . . . . .                           | 60 —              | » —   |
| eldiviður . . . . .                              | 36 —              | 80 —  |
| c, tímakennsla . . . . .                         | 200 —             | » —   |
|  | = 1143 rd. 64 sk. |       |
| II. Viðhald á húsum skólans, hreinsun, gjald til |                   |       |
| brunabóta, húskattur . . . . .                   | 180 —             | » —   |
| III. Eldiviður og ljós . . . . .                 | 50 —              | » —   |
| IV. Óviss útgjöld . . . . .                      | 25 —              | » —   |
|  | = 1398 rd. 64 sk. |       |



